

Borgarráð

Samráðs- og upplýsingavettvangur vegna rekstrarleyfisveitinga

Lögð eru fram til kynningar hjálögð drög að erindisbréfi samráðs- og upplýsingavettvangs vegna rekstrarleyfisveitinga. Hlutverk hópsins er að vera samráðs- og upplýsingavettvangur þeirra aðila sem koma að rekstrarleyfisveitingu og eftirliti innan málaflokksins í þeim tilgangi að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum, forgangsraða og jafnvel samræma aðgerðir eftirlitsaðila.

Greinargerð:

Starfshópur um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík var skipaður af borgarstjóra með erindisbréfi dags. 19. júlí 2016. Hópurinn skilaði skýrslu og tillögum í júní 2017 og voru tillögur hópsins samþykktar í borgarstjórn þann 5. september 2017. Á meðal tillagna hópsins var að Reykjavíkurborg hafi forgöngu í því að koma af stað samráðs- og upplýsingavettvangi þeirra aðila sem koma að rekstrarleyfisveitingu og eftirliti innan málaflokksins í þeim tilgangi að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum, forgangsraða og jafnvel samræma aðgerðir eftirlitsaðila.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi samráðs- og upplýsingavettvangs vegna rekstrarleyfisveitinga.

ERINDISBRÉF

Samráðs- og upplýsingavettvangur vegna rekstrarleyfisveitinga

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Starfshópur um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík var skipaður af borgarstjóra með erindisbréfi dags. 19. júlí 2016. Hópurinn skilaði skýrslu og tillögum í júní 2017 og voru tillögur hópsins samþykktar í borgarstjórn þann 5. september 2017. Á meðal tillagna hópsins var að Reykjavíkurborg hafi forgöngu í því að koma af stað samráðs- og upplýsingavettvangi þeirra aðila sem koma að rekstrarleyfisveitingu og eftirliti innan málaflokksins í þeim tilgangi að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum, forgangsraða og jafnvel samræma aðgerðir eftirlitsaðila.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vera samráðs- og upplýsingavettvangur þeirra aðila sem koma að rekstrarleyfisveitingu og eftirliti innan málaflokksins í þeim tilgangi að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum, forgangsraða og jafnvel samræma aðgerðir eftirlitsaðila.

Helstu verkefni:

Funda ársfjórðungslega og taka fyrir þau málefni sem umsagnaraðilar vilja bera undir hópinn. Skiptast á upplýsingum sem máli kunna að skipta vegna meðferðar rekstrarleyfisumsókna. Vinna að sameiginlegri forgangsöröðun vegna beitingu eftirlitsheimilda.

Starfshópurinn skipa:

Skrifstofustjóri borgarstjórnar, formaður. Fulltrúar frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, byggingarfulltrúanum og skipulagsfulltrúanum í Reykjavík, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, slökkviliðinu og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmaður:

Verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjórnar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Samráðsvettvangurinn er skipaður til ársloka 2018 og skulu verkefni og skipan hans þá endurskoðuð.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson